

Nr. 40.

2.
nóvbr.

L ö g

um heimild fyrir landsstjórnina, til þess að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs skipaveðlán h/f „Eimskipafjelag Íslands“.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Landsstjórninni veitist heimild til þess, að ábyrgjast greiðslu á $\frac{1}{4}$ hluta veðláns, að upphæð 600,000 krónur, sem h/f Eimskipafjelag Íslands tekur í erlendum banka, til þess að kosta smíði á tveim millilandskipum, sem fjelagið hefir nú samið um smíði á. Lánið endurborgist á 12 árum, með jöfnum árlegum afborgunum, og sje trygt með 1. veðrjetti í umræddum tveim millilandskipum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 41.

2.
nóvbr.

L ö g

um breyting á lögum um strandferðir frá 10. nóv. 1913.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir orðin »alt að 400,000 kr.« í 1. grein komi:
alt að 500,000 kr.

2. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán, alt að 500,000 kr., til að fullnægja ákvæðum 1. greinar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.